Kópavo

Til lista- og menningarráðs

Kópavogi, 5. maí 2021
1905485/240.00 SÞ

Skjal sótt af '0000000000' dags: 09.11.2026

Efni: Minnisblað: Stjórn menningarhúsa Kópavogsbæjar

Á fundi lista- og menningarráðs þann 11. febrúar 2021 var gerð eftirfarandi bókun um menningarhúsin í Kópavogi:

> *Lista- og menningarráð vísar erindinu til lögfræðideildar og óskar eftir áliti og tillögum til úrbóta. Ráðið tilnefnir tvo tengiliði Auði Sigrúnardóttur og Pál Marís Pálsson til að koma athugasemdum ráðsins áleiðis.*

Fyrir liggur að í lista- og menningarráði hafa verið umræður um endurskoðun á stofnskrám menningarhúsa Kópavogsbæjar með hliðsjón af erindisbréfi nefndarinnar. Undirrituð kom inn á fund ráðsins þann 8. apríl sl. þar sem athugasemdum ráðsins var komið á framfæri. Fram kom að þörf þætti á að skýra þýðingu þess að ráðið fari með stjórn menningarhúsanna og til hvers sé ætlað af ráðinu sem stjórn menningarhúsanna. Þá þyrfti að skýra hvers vegna munur væri á verkefnum stjórna menningarhúsa Kópavogs og stjórna annarra safna, sjóða og stofnana, þar sem stjórn fari t.a.m. með ráðningar, sé heimilt að vera í beinum samskiptum við starfsfólk og hefur áhrif á listræna stefnu. Enn fremur var rætt að formgera hversu oft forstöðumenn menningarhúsanna fari á fund ráðsins og að funda ætti á þeirra heimavelli. Þá hefur einnig verið umræða um rétthæð siðareglna Alþjóðaráðs safna (ICOM) gagnvart reglum sem gilda um starfsemi lista- og menningarráðs og menningarhúsanna.

Stjórn menningarmála

Líkt og að framan er rakið þykir ástæða til að skýra þýðingu þess að lista- og menningarráð fari með menningarmál. Í 8. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, segir að sveitarstjórn fari með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum laga, og í 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, kemur fram að sveitarfélög skuli sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Ákvæði stjórnarskrár um sjálfstjórn sveitarfélaga hefur verið skýrt þannig að sveitarfélögin eigi að ráða einhverjum málefnum sjálf en hvaða málefni það eru og hversu miklu um útfærslu þeirra sveitarfélögin fá að ráða á hverjum tíma ræðst í meginatriðum af gildandi lögum.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Slíkar nefndir teljast fastanefndir sveitarstjórnar, sbr. 1. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga. Bæjarstjórn skilgreinir verksvið fastanefnda í samþykktum/erindisbréfum. Lista- og menningarráð er ein af fastanefndum bæjarstjórnar Kópavogs. Sveitarstjórnum er skylt að gera sérstaka samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins og um meðferð þeirra málefna sem sveitarfélagið annast. Þar skal einnig kveðið á um fundarsköp sveitarstjórnarinnar og nefnda hennar. Samþykktin nefnist samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og skal send ráðuneyti sveitarstjórnarmála til staðfestingar. Bæjarstjórn

VOTTUN HF
ÍST ISO 9001

Kópavogs hefur sett sér samþykkt um stjórn sveitarfélagsins (bæjarmálasamþykkt). Samkvæmt 14. tölul. B-liðar 47. gr. bæjarmálasamþykktar er kosið í lista- og menningarráð til fjögurra ára. Segir þar jafnframt: „Stjórnin fer með menningarmál. Hún fer jafnframt með stjórn bókasafnsins skv. 8. gr. laga um bókasöfn nr. 150/2012, tónlistarhúss Kópavogs – Salarins, Tónlistarsafns Íslands, Listasafns Kópavogs – Gerðarsafns, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Lista- og menningarsjóðs."

Bæjarstjórn hefur þannig falið lista- og menningarráði að fara með menningarmál. Verður það ekki skilið á annan veg en að að því leyti sem bæjarstjórn Kópavogs fer með, eða hefur verið falið, með lögum og reglum, að fara með menningarmál þá skal lista- og menningarráð fara með þau málefni, í umboði bæjarstjórnar. Að því sögðu ber að hafa í huga að afgreiðslur lista- og menningarráðs teljast tillögur til bæjarstjórnar, sbr. 2. mgr. 40. gr. sveitarstjórnarlaga og öðlast almennt ekki gildi fyrr en við staðfestingu bæjarstjórnar.

Til þess að átta sig á umfangi þessara verkefna sem bæjarstjórn hefur falið lista- og menningarráði og hvernig beri að sinna þeim, þarf að skoða reglur um stjórnkerfi sveitarfélaganna annars vegar og reglur um menningarmál og verkefni lista- og menningarráðs hins vegar.

Stjórnkerfi sveitarfélaga

Þar sem dagleg stjórnsýsla sveitarfélags er of viðamikið verkefni fyrir sveitarstjórnina eina hefur þróast tvíþætt kerfi sem vinnur að undirbúningi mála, töku ákvarðana og framkvæmd starfa og heyrir undir sveitarstjórnina. Annars vegar pólitískt nefndakerfi og hins vegar embættismannakerfi/starfslið. Nefndir sveitarfélaga eru kjörnar af sveitarstjórninni og starfa í umboði hennar. Starfslið sveitarfélags starfar einnig í umboði sveitarstjórnar og á hennar vegum. Framkvæmdastjóri (bæjarstjóri) fer með yfirstjórn starfsliðs. Starfsmenn sveitarfélagsins sjá um daglega stjórnsýslu en tryggja einnig með undirbúningi og ráðgjöf að pólitíska kerfið virki.

Nefndir sveitarstjórnar eru stjórnsýslunefndir og eru aðeins starfhæfar á fundum. Nefndir verða því að halda fundi til þess að taka ákvarðanir. Af ákvæði 41. gr. sveitarstjórnarlaga hefur verið dregin sú ályktun að hafi nefnd ekki verið framselt fullnaðarákvörðunarvald í samræmi við fyrirmæli 42. gr. þá hafi hún ekki slíkt vald, nema annað leiði af ákvæðum sérlaga. Afgreiðslur nefndar og ályktanir teljast því tillögur til sveitarstjórnar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laganna og öðlast almennt ekki gildi fyrr en við staðfestingu sveitarstjórnar.

Til að tryggja skilvirkni í störfum sveitarfélagsins, réttaröryggi starfsmanna og réttaröryggi íbúanna hefur verið talið mikilvægt að stjórnkerfi sveitarfélagsins, samskiptaleiðir og boðvald sé ígrundað vandlega. Bæjarstjórn Kópavogs hefur sett reglur um ábyrgð og starfshætti ráðinna stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna við stjórnsýslu Kópavogsbæjar, dags. 10. janúar 2012, þar sem kveðið er á um slík atriði. Þar kemur t.a.m. fram í d-lið I. kafla:

> *Bæjarstjóri með sviðsstjóra sér til aðstoðar er tengiliður kjörinna fulltrúa við daglega starfsemi Kópavogsbæjar og ber ábyrgð á að hún sé samkvæmt stefnu og ákvörðunum í viðkomandi málaflokkum. Kjörnir fulltrúar og nefndarmenn hlutast aðeins til um framkvæmd stefnu með samþykktum í bæjarstjórn og á nefndarfundum en hafa sem einstaklingar ekki boðvald yfir starfsmönnum bæjarins.*

Þá er kveðið á um samskipti kjörinna fulltrúa og starfsmanna með eftirfarandi hætti í IV. kafla:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 09.11.2026

Bæjarstjóri er yfirmaður stjórnsýslu bæjarins og alls starfsliðs. Einstakir, kjörnir fulltrúar hafa ekki umboð til að gefa starfsmönnum fyrirmæli og skulu ekki hafa bein áhrif á störf þeirra eða ákvarðanir. Tengill kjörinna fulltrúa við starfsmenn bæjarins er bæjarstjóri og sviðsstjóri hvers sviðs. Samskipti kjörinna fulltrúa og stjórnsýslu skulu miðast við skilgreinda tengiliði hvers málaflokks, nema sérstaklega sé kveðið á um annað með sérstökum samþykktum nefnda og ráða bæjarins, enda skuli það tengjast afmörkuðum verkefnum sem eru í vinnslu. Kjörnum fulltrúum er óheimilt að reka erindi bæjarbúa við einstaka starfsmenn og vilji kjörinn fulltrúi koma máli í farveg skal það gert innan viðkomandi nefndar eða fyrir milligöngu bæjarstjóra eða viðkomandi sviðsstjóra í samráði við bæjarstjóra.

Bæjarfulltrúum og nefndarmönnum er óheimilt að kalla eftir upplýsingum um einstaka mál nema í samráði við bæjarstjóra og viðkomandi sviðsstjóra. Óski bæjarfulltrúar eftir sérstökum upplýsingum um tiltekin mál skal hann fylgja verklagsreglum vegna aðgengis bæjarfulltrúa að gögnum Kópavogsbæjar.

Starfsmönnum er óheimilt að leita til kjörinna fulltrúa varðandi málefni sem l[ý]tur að launakjörum og starfsumhverfi, enda eru kjörnir fulltrúar ekki yfirmenn stjórnsýslunnar.

Enn fremur kemur fram í 3. gr. erindisbréfs lista- og menningarráðs, dags. 28. júní 2016, að forstöðumaður menningarmála/Listhúss Kópavogsbæjar starfi með ráðinu og beri ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum þess sé hrint í framkvæmd. Hann, eða starfsmaður á vegum hans, undirbúi fundi ráðsins, sitji fundi þess og hafi þar málfrelsi og tillögurétt.

Í stofnskrám Náttúrufræðistofu og Gerðarsafns kemur fram að þeim beri að fylgja siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM). Siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) voru samþykktar á allsherjarþingi ICOM í Seoul í Suður-Kóreu 8. október 2004. Í formála siðareglnanna segir:

Í siðareglum ICOM er settur fram lágmarksstaðall fyrir söfn. Þar birtist listi grundvallaratriða sem studd eru leiðbeiningum um æskilega starfshætti safnafólks. Í sumum löndum eru ákveðnar lágmarkskröfur skilgreindar í lögum eða reglugerðum. Annars staðar kunna leiðbeiningar um lágmarkskröfur og mat á þeim að birtast í viðurkenningu eða öðrum sambærilegum matskerfum. Í þeim löndum þar sem engar slíkar k[r]öfur eru gerðar má nálgast aðstoð og leiðbeiningar frá miðstjórn ICOM, frá ICOM-deildinni í viðkomandi landi eða frá þeirri alþjóðanefnd ICOM sem málið kann að varða. Þess er ennfremur vænst að löndin hvert fyrir sig og samtök á sérsviðum sem varða safnarekstur noti þessar reglur og byggi á þeim við gerð frekari staðla.

Í siðareglunum er þannig t.a.m. settur fram lágmarksstaðall fyrir aðstöðu safna. Þar er listi yfir tiltekin grundvallaratriði sem eru: Starfsaðstaða, aðgengi, heilbrigði og öryggi, varnir gegn hamförum, öryggiskröfur og tryggingar og bætur. Undir hverju atriði eru svo leiðbeiningar um æskilega starfshætti safnafólks. Má nefna sem dæmi að leiðbeiningar um starfsaðstöðu eru þannig að yfirstjórn skal tryggja fullnægjandi húsakynni og starfsaðstöðu til að safnið geti uppfyllt þær starfsskyldur sem kveðið er á um í yfirlýsingu um hlutverk þess. Leiðbeiningar um heilbrigði og öryggi eru þannig að yfirstjórn skal tryggja að fylgt sé gildandi reglum sem lúta að heilsu starfsmanna og gesta, öryggi þeirra og aðgengi.

Við rækslu þeirra verkefna sem lista- og menningarráði eru falin er skylt að fylgja ofangreindum reglum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 09.11.2026

Lögskýringar og forgangsreglur

Þegar leysa þarf úr lagalegum ágreiningi er það fyrsta verkefni að greina hvort og þá hvaða réttarheimildir eiga við um viðfangsefnið. Fræðileg umfjöllun um almennt viðurkenndar réttarheimildir gefur til kynna að lagaákvæði er langalgengasta og mikilvægasta réttarheimildin sem þarf að kunna skil á til að leysa úr ágreiningi. Ályktun um gildandi rétt í tilteknu tilviki ræðst því oftast með því að leggja mat á hvort og þá hvernig lagaákvæði á við um atvik.

Lagareglur eru þær reglur sem styðjast við viðurkenndar réttarheimildir, s.s. settan rétt. Settur réttur eru skráðar yfirlýsingar handhafa allsherjarvalds sem hafa heimild að stjórnlögum eða öðrum lögum til að mæla fyrir um háttsemi manna. Í flestum ríkjum Evrópu eru sett lög mikilvægasta réttarheimildin. Settur réttur skiptist í ýmsa flokka, en skiptir þar mestu flokkun í reglur sem handhafar lagasetningarvalds setja (lög) og reglna sem handhafar framkvæmdavalds setja með stoð í lögum (reglugerðir). Í sveitarstjórnarlögum er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir geti samþykkt almennar reglur fyrir sveitarfélagið. Stjórnsýslufyrirmæli sveitarfélaga eru oftast kölluð samþykktir. Staða almennra reglna sveitarfélaga sem réttarheimilda er hin sama eða að minnsta kosti nokkurn veginn hin sama og reglugerða sem ráðherra setur eða embættismenn í umboði hans. Samþykktir sveitarfélaga verða að vera í samræmi við lög til þess að vera gildar réttarheimildir. Erindisbréf teljast til stjórnvaldsfyrirmæla og geyma alla jafna almenn fyrirmæli um verkssvið, starfsskyldur, réttarstöðu og starfskjör tiltekins starfsmanns eða starfsmanna, tengsl við yfirmenn og samstarfsmenn. Staða erindisbréfa sem réttarheimildar er oftast áþekk og reglugerða og þó standa þau væntanlega skör lægra vegna þess að oft yrði litið svo á að þau væru til nánari fyllingar öðrum stjórnsýslufyrirmælum. Ákvæðum laga verður ekki haggað með erindisbréfum.

Fyrsta stig lögskýringarferlisins er afmörkun á því hvaða lagaákvæði (réttarheimildir) koma til greina við úrlausn ágreiningsefnis. Í sumum tilvikum kann að vera að tvö eða jafnvel fleiri lagaákvæði virðast geta átt við um fyrirliggjandi ágreining. Þá kann að þurfa að horfa til forgangsreglna þegar ákveðið er hvaða lagaákvæði kemur til greina sem andlag túlkunar vegna fyrirliggjandi ágreiningsefnis. Hins vegar ber að leggja á það áherslu að áður en nauðsynlegt er að horfa til forgangsreglna til að leysa úr árekstri tveggja eða fleiri lagaákvæða verður ávallt að leitast við að túlka slík ákvæði þannig að þau verði samrýmanleg. Takist það ekki og fyrir liggur að eitt lagaákvæði er að efni til það sama, að hluta eða í heild, og annað lagaákvæði en ljóst virðist vera að réttaráhrif lagareglnanna séu mismunandi, þarf þó að horfa til forgangsreglnanna. Kemur þá í fyrsta lagi til greina að beita forgangsreglunni um um lex superior sem er í eðli sínu lýsing á samspili tveggja eða mismunandi réttarheimilda með sama efnisinntak, þ.e. um rétthæð þeirra innbyrðis. Ef talið er að um árekstur sé að ræða, að hluta eða í heild, á efnisreglum í almennum lögum annars vegar og hins vegar í reglugerð leiðir af reglunni um lex superior að fyrrnefndu reglurnar hafa forgang. Það verða því efnisreglurnar í almennu lögunum sem verða andlag túlkunar og ályktunar um gildandi rétt í því tilviki sem til úrlausnar er.

Liggur þannig fyrir að ávallt ber að leitast við að túlka ákvæði þannig að þau verði samrýmanleg. Takist það ekki verður að beita forgangsreglunni um lex superior.

Verkefni lista- og menningarráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 09.11.2026

Bæjarstjórn Kópavogs staðfestir erindisbréf fyrir lista- og menningarráðs, þar sem kveðið er á um hlutverk þess, valdsvið, starfshætti, sbr. 10. tölul. 5. gr. bæjarmálasamþykktar. Samkvæmt 1. gr. erindisbréfs fyrir lista- og menningarráð, dags. 28. júní 2016, fer ráðið með þau menningarmál sem ráðinu eru falin og nánar er kveðið á um í erindisbréfinu. Í 3. gr. kemur fram að forstöðumaður menningarmála/Listhúss Kópavogsbæjar starfi með ráðinu og beri ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum þess sé hrint í framkvæmd. Hann, eða starfsmaður á vegum hans, undirbúi fundi ráðsins, sitji fundi þess og hafi þar málfrelsi og tillögurétt. Um hlutverk lista- og menningarráðs segir í 9. og 10. gr. erindisbréfs:

> *Hlutverk lista- og menningarráðs er að fara með og sinna stefnumörkun í menningarmálum og vera ráðgefandi til bæjarráðs um þau mál.*
>
> *Lista- og menningarráð fer með málefni stofnana sem starfa að menningarmálum í Kópavogi, þ.e.a.s. Bókasafns Kópavogs, Salarins, Tónlistarsafns Íslands, Gerðarsafns, Náttúrufræðistofu Kópavogs, lista- og menningarsjóðs og Héraðsskjalasafn Kópavogs.*

Þá segir eftirfarandi í 13. gr. erindisbréfs um daglegan rekstur, starfsmannamál o.fl.:

> *Lista- og menningarráð hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir lögformlegt ábyrgðar- og eftirlitssvið þess. Þá hefur ráðið ekki boðvald yfir starfsfólki þeirra stofnana sem undir ráðið heyra né heldur starfsfólki Listhúss/menningarmála Kópavogsbæjar.*
>
> *Rekstur stofnana, starfsmannamál og gerð fjárhagsáætlunar er á ábyrgð forstöðumanna stofnana og forstöðumanns Listhúss/menningarmála Kópavogsbæjar.*

Í erindisbréfinu eru verkefni lista- og menningarráðs ekki skilgreind frekar. Ráðið fer þannig með menningarmál að því leyti sem öðrum hefur ekki verið falið að sinna þeim. Verður þannig að meta það í hvert skipti hvort mál heyri undir valdsvið lista- og menningarráðs, m.a. með því að skoða ákvæði laga og reglna, bæjarmálasamþykkt, erindisbréf og samþykktir.

Þó liggur nokkuð ljóst fyrir að lista- og menningarráð sinnir stefnumörkun í menningarmálum en í því felst almennt að sett er fram hugmyndafræði um málefnin, framtíðarsýn, gildi og markmið. Stefnumörkun er þannig afgreidd af hálfu ráðsins og lögð fyrir bæjarráð og svo bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu. Þá fer lista- og menningarráð með málefni menningarhúsanna að undanskildum daglegum rekstri og starfsemi, ráðið hefur ekki boðvald yfir starfsfólki og ber ekki ábyrgð á rekstri menningarhúsanna, starfsmannamálum eða gerð fjárhagsáætlunar. Stofnsamningur fyrir félagið Tónlistarhús Kópavogs var staðfestur í bæjarstjórn Kópavogs þann 3. júlí 1997 og breytt þann 21. desember 2000. Stofnskrá fyrir Náttúrufræðistofu Kópavogs var samþykkt af lista- og menningarráði Kópavogs 7. nóvember 2013. Samþykkt fyrir bæjarskjalasafn Kópavogs var samþykkt af bæjarstjórn þann 28. nóvember 2006 og staðfest af þjóðskjalaverði þann 6. febrúar 2007. Ekki liggur fyrir stofnskrá fyrir Bókasafn Kópavogs, en bókasafnið starfar samkvæmt bókasafnalögum, nr. 150/2012. Stofnskrá fyrir Listasafn Kópavogs-Gerðarsafns var samþykkt í lista- og menningarráði 3. október 2013.

Listræn stefna

Lista- og menningarráð sinnir stefnumörkun í menningarmálum, sbr. 9. gr. erindisbréfs. Samkvæmt stofnskrá Gerðarsafns er forstöðumaður Gerðarsafns ráðinu til ráðgjafar varðandi val á nýjum listaverkum og annast innkaup listaverka í samráði við ráðið. Samkvæmt starfslýsingu forstöðumanns Gerðarsafns er meðal helstu verkefna viðkomandi að móta

Skjal sótt af '0000000000' dags: 09.11.2026

listræna stefnu Gerðarsafns. Á árinu 2018 var ráðgjafanefnd Gerðarsafns komið á fót. Samkvæmt starfsreglum ráðgjafanefndarinnar frá 23. ágúst 2018 er nefndin skipuð þremur mönnum auk forstöðumanns Gerðarsafns, sem veitir nefndinni forstöðu. Meðal hlutverka ráðgjafanefndarinnar er að fara yfir sýningartillögur og vera forstöðumanni til ráðgjafar um sýningar og söfnunarstefnu og innkaup á aðföngum. Allar stórvægilegar tillögur nefndarinnar, eins og innkaup listaverka, skal bera undir lista- og menningarráð til samþykktar áður en ákvörðun liggur fyrir.

Starfsmannamál

Í 56. gr. sveitarstjórnarlaga segir að sveitarstjórn ráði í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélagi og veiti þeim lausn frá starfi. Um ráðningu annarra starfsmanna annist framkvæmdastjóri, enda hafi sveitarstjórn ekki ákveðið annað í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins eða með almennum fyrirmælum. Í erindisbréfi lista- og menningarráðs kemur fram að starfsmannamál eru á ábyrgð forstöðumanna. Því er ljóst að lista- og menningarráð sér ekki um ráðningar né starfsmannamál að öðru leyti.

Bókasafn Kópavogs

Lista- og menningarráð fer með stjórn Bókasafns Kópavogs og skal sinna þeim verkefnum sem greinir í lögum og reglum þar að lútandi. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga um bókasöfn, nr. 150/2012, er öllum sveitarfélögum skylt að standa að almenningsbókasöfnum. Sveitarfélög ráða starfslið almenningsbókasafna sem á vegum þeirra starfa, sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði og búa þau nauðsynlegum búnaði. Í 1. mgr. 8. gr. laga um bókasöfn segir að fyrir hverju almenningsbókasafni skuli vera stjórn, kjörin af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum. Skipunartími stjórnar sé hinn sami og kjörtímabil sveitarstjórnar. Sveitarstjórn sé heimilt að skipa eina bókasafnsstjórn fyrir öll almenningsbókasöfn sem rekin séu af sveitarfélaginu eða fela fastanefnd samkvæmt samþykktum sveitarfélags að fara með málefni almenningsbókasafna. Í 2. mgr. 8. gr. er gerð krafa um að stjórn bókasafns gæti þess að þar sé unnið í samræmi við lög og reglugerðir og eftir faglegum viðmiðunum á sviði bókasafna- og upplýsingamála. Um þetta segir nánar í greinargerð með lögunum að stjórn almenningsbókasafns skuli vera málsvari safnsins í samræmi við almennt hlutverk stjórna stofnana sem reknar eru í þágu almennings.

Héraðsskjalasafn Kópavogs

Samkvæmt erindisbréfi lista- og menningarráðs fer ráðið stjórn Héraðsskjalasafn Kópavogs. Í bæjarmálasamþykkt er hins vegar ekki tilgreint að ráðið fari með stjórn Héraðsskjalasafns. Í samþykkt fyrir Bæjarskjalsafn Kópavogs, dags. 28. nóvember 2006, segir í 1. gr. að safnið sé sjálfstæð skjalavörslustofnun, sem lúti yfirstjórn bæjarstjórnar Kópavogs. Stjórn þessu skuli skipuð þremur fulltrúum tilnefndum af bæjarstjórn og jafnmörgum til vara, sbr. 4. gr. Segir jafnframt að stjórn geri árlega tillögu að fjárhagsáætlun til bæjarstjórnar og sé ábyrg fyrir að rekstri sé hagað í samræmi við fjárframlög bæjarstjórnar. Í bæjarmálasamþykkt er ekki kveðið á um að bæjarstjórn tilnefni fulltrúa í stjórn safnsins, líkt og fram kemur í samþykktinni. Liggur þannig fyrir að hér er nokkurt misræmi milli bæjarmálasamþykktar, erindisbréfs lista- og menningarráðs og samþykktar fyrir Bæjarskjalasafn Kópavogs. Er því lagt til að gerðar verði breytingar á þeim og þessi atriði samræmd.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014, er héraðsskjalasafn er sjálfstætt opinbert skjalasafn sem lýtur faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands. Rekstur héraðsskjalasafns er á ábyrgð þess sveitarfélags eða þeirra sveitarfélaga sem að því standa.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 09.11.2026

Héraðsskjalasöfn skulu njóta styrks úr ríkissjóði samkvæmt því sem er ákveðið í fjárlögum hverju sinni. Í lögum um opinber skjalasöfn er ekki gerð krafa um skipun stjórna héraðsskjalasafna og í lögunum er einungis eitt verkefni falið slíkri stjórn, ef hún er skipuð. Í 5. mgr. 44. gr. laganna segir þannig að héraðsskjalasöfnum sé heimilt að innheimta gjald fyrir ljósritun og afritun gagna sem afhent séu samkvæmt lögnum. Gjaldtakan skuli ákveðin af stjórn safns með gjaldskrá sem skuli birt notendum á aðgengilegan hátt. Sé safninu ekki skipuð stjórn ákveði sveitarstjórn gjaldtökuna.

Salurinn

Samkvæmt 4. gr. stofnsamnings fyrir félagið Tónlistarhús Kópavogs frá árinu 1997 er stjórn félagsins skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil skal vera það sama og kjörtímabil sveitarstjórna. Bæjarstjórn kýs 3 menn í stjórn og jafnmarga til vara. Tónlistarfélag Kópavogs tilnefnir 1 mann í stjórn og 1 varamann og aðrir eignaraðilar 1 mann og 1 til vara. Þá segir í 9. gr. stofnsamnings að meðal skyldustarfa stjórnar sé að ráða forstöðumann, ákveða starfskjör hans og hafa eftirlit með störfum hans ásamt því að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins. Ljóst er að ákvæði stofnsamnings eru ekki í samræmi við bæjarmálasamþykkt og erindisbréf. Lagt er til að gerðar verði breytingar til að samræma þessi atriði.

Náttúrufræðistofa Kópavogs

Í stofnskrá fyrir Náttúrufræðistofu Kópavogs, dags. 7. nóvember 2013, segir að málefni hennar heyri undir lista- og menningarráð, sbr. 5. gr. og ráðið fari með stjórn hennar, sbr. 6. gr. Lista- og menningarráð skuli vinna að viðgangi Náttúrufræðistofu í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM), annast stefnumörkun, fjalla um fjárhagsáætlanir og fylgjast með fjárhag og starfsemi hennar, sbr. 6. gr. stofnskrár. Þá segir í 7. gr. að forstöðumaður sé ráðinn samkvæmt reglum bæjarstjórnar Kópavogs um ráðningar starfsmanna. Hann annist allan daglegan rekstur stofunnar, geri fjárhagsáætlanir, fari með fjármálaleg samskipti fyrir hönd ráðsins, ráði starfslið stofunnar og sé í forsvari fyrir hana. Ekki er að sjá að stofnskrá Náttúrufræðistofu sé í ósamræmi við bæjarmálasamþykkt og erindisbréf lista- og menningarráðs.

Gerðarsafn

Gerðarsafn hefur öðlast viðurkenningu safnaráðs, sbr. 10. gr. safnalaga, nr. 28/2011. Meðal þeirra skilyrða sem þarf að uppfylla til að fá slíka viðurkenningu er að safnið sé í eigu opinberra aðila sem skipa því stjórn. Enn fremur skal safnið starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest.

Í 6. gr. stofnskrár fyrir Listasafn Kópavogs-Gerðarsafn, dags. 3. október 2013, kemur fram að lista- og menningarráð fari með stjórn safnsins. Ráðið skuli vinna að viðgangi þess í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM), annast stefnumörkun, fjalla um fjárhagsáætlanir og fylgjast með fjárhag og starfsemi þess. Þá segir í 7. gr. að forstöðumaður sé ráðinn samkvæmt reglum bæjarstjórnar Kópavogs um ráðningar starfsmanna. Hann annist allan daglegan rekstur safnsins, gerir tillögu að fjárhagsáætlun og leggi hana fyrir lista- og menningarráð. Hann fari með fjármálaleg samskipti fyrir hönd ráðsins, ráði starfslið safnsins og sé í forsvari fyrir það. Lista- og menningarráð vinni að stefnumótun safnsins í náinni samvinnu við forstöðumann. Hann skipuleggi listsýningar safnsins og sjái um aðra faglega starfsemi þess. Hann hafi frumkvæði að öðrum viðburðum sem haldnir séu í safninu. Hann hafi umsjón með og beri ábyrgð á listaverkasafni Kópavogsbæjar, bæði almennu safni og sérsöfnum, skráningu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 09.11.2026

þeirra og viðhaldi. Hann sé lista- og menningarráði til ráðgjafar varðandi val á nýjum listaverkum og annist innkaup listaverka í samráði við ráðið. Ekki er að sjá að stofnskrá Gerðarsafns sé í ósamræmi við bæjarmálasamþykkt og erindisbréf lista- og menningarráðs.

Tillögur að úrbótum

Tilefni er til að samrýma ýmis atriði á milli bæjarmálasamþykktar, erindisbréfs lista- og menningarráðs og samþykkta fyrir menningarhús bæjarins. Hér á eftir verða tekin saman þau atriði sem þarfnast skoðunar. Ekki verður tekin sérstök afstaða til efnis breytinganna eða umfangs endurskoðunar á þessu stigi málsins.

1. Samræma skilgreiningu á hlutverki lista- og menningarráðs

Líkt og að framan er rakið er hlutverk lista- og menningarráðs skilgreint í bæjarmálasamþykkt þannig að ráðið fari með stjórn bókasafnsins skv. 8. gr. laga um bókasöfn nr. 150/2012, tónlistarhúss Kópavogs – Salarins, Tónlistarsafns Íslands, Listasafns Kópavogs – Gerðarsafns, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Lista- og menningarsjóðs. Í erindisbréfi eru menningarstofnanirnar hins vegar sagðar þessar: Bókasafns Kópavogs, Salarins, Tónlistarsafns Íslands, Gerðarsafns, Náttúrufræðistofu Kópavogs, lista- og menningarsjóðs og Héraðsskjalasafn Kópavogs. Ekki er fullt samræmi þarna á milli.

Lagt er til að gerðar verði breytingar á 14. tölul. B-liðar 47. gr. bæjarmálasamþykktar og 10. gr. erindisbréfs lista- og menningarráðs og upptalning á menningarstofnunum Kópavogsbæjar sé rétt og samræmd milli þessara tveggja ákvæða. Sjá einnig lið 3 hér að neðan.

2. Laga tilvísun í bæjarmálasamþykkt

Í 14. tölul. b-liðar 47. gr. bæjarmálasamþykktar segir:

> *Lista- og menningarráð* . Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Stjórnin fer með menningarmál. Hún fer jafnframt með stjórn bókasafnsins skv. 8. gr. laga um bókasöfn nr. 150/2012, tónlistarhúss Kópavogs – Salarins, Tónlistarsafns Íslands, Listasafns Kópavogs – Gerðarsafns, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Lista- og menningarsjóðs.

Í ákvæðinu er vísað til lista- og menningarráðs sem „stjórnar“ í stað nefndar, líkt og gert er varðandi aðrar nefndir í ákvæðinu. Lagt er til að þetta sé lagfært og vísað sé til lista- og menningarráðs sem nefndar.

3. Samræma ákvæði um stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

Nokkurt misræmi er milli bæjarmálasamþykktar, erindisbréfs lista- og menningarráðs og samþykktar fyrir Bæjarskjalasafn Kópavogs. Er því lagt til að gerðar verði breytingar á þeim og þessi atriði samræmd. Taka þarf afstöðu til þess hvort lista- og menningarráð skuli fara með stjórn Héraðsskjalasafns. Þá mætti kanna hvort ástæða væri til að taka samþykkt um Bæjarskjalasafn til endurskoðunar í heild sinni.

3. Samræma ákvæði um stjórn Salarins

Nokkurt misræmi er milli bæjarmálasamþykktar, erindisbréfs lista- og menningarráðs og stofnskrár fyrir Salinn. Er því lagt til að gerðar verði breytingar til samræmingar. Þá mætti kanna hvort ástæða væri til að taka stofnskrá Salarins til endurskoðunar í heild sinni.

4. Endurskoða erindisbréf lista- og menningarráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 09.11.2026

Í ljósi þessa máls má líta svo á að efni séu til að tilgreina nánar verkefni lista- og menningarráðs í erindisbréfi ásamt því að kveða á um fyrirkomulag samráðs við forstöðumenn menningarhúsanna. Þá mætti kanna hvort ástæða væri til að taka erindisbréfið til endurskoðunar í heild sinni.

5. Endurskoða starfslýsingar forstöðumanna

Að lokum kann að vera ástæða til að meðfram ofangreindri vinnu verði starfslýsingar forstöðumanna menningarhúsanna rýndar til að tryggja samræmi.

Virðingarfyllst,

_____

Salvör Þórisdóttir
Lögfræðingur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 09.11.2026